

Skýrsla stjórnar 2021

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41 talsins. Skráðir félagar eru nú um 180 talsins.

Helstu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla reynslu til fagaðila og almennings.

Í stjórn VAFRÍ sátu áfram Hrund Ó. Andradóttir (formaður, prófessor HÍ), Baldur Dýrfjörð (ritari, lögfræðingur Samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, Samorku) og Anna Heiður Eydísardóttir (meðstjórnandi, umhverfisverkfræðingur hjá Eflu verkfræðistofu). Nýir í stjórn komu Hlöðver Stefán Þorgeirsson (gjaldkeri, verkfræðingur og sérfræðingur á fráveitu Veitna) og Sigurður Grétar Sigmarsson (meðstjórnandi, og verkfræðingur á Verkís). Írisi Þórarinsdóttur og Þorsteini Narfasyni var þakkað fyrir störf í þágu félagsins.

Á árinu 2019-2020 var helst á baugi hjá félaginu:

1. Fræðslufundir
2. Virkni á samfélagsmiðlum
3. Innheimta félagsgjalda

1. Fræðslufundir

Í ljósi samkomutakmarkanna vegna COVID-19 hefur félagið staðið fyrir stuttum rafrænum fræðslufundum. Í október fræddi Elín Smáradóttir, einn af lögmönnun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur um lög sem gilda um vatns og fráveitur. Sér í lagi kom hún inn á rekstur vatns og fráveitu sem stjórnsýslu, og breytingar sem hafa orðið á lögum og framkvæmd í kjölfar dóma.

Í nóvember kynnti Sverrir Heiðar Davíðsson, starfsmaður Veitna og meistaranemi við Danska tækniháskólann DTU, verkefni sem hann þróaði hjá Veitum sumarið 2020 og nefnir „Aðferðafræði fyrir sjálfvirka greiningu á íbúanotkun, iðnaðarnotkun og lekum í mælingum inn á stór hverfi – þróun og prófanir“.

Í apríl kynnti Guðrún Nína Petersen, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, uppfært mat á endurkomutíma úrkomu. Afurðir verkefnsins eru uppfærð 1M5 kort sem innihalda fleiri smáatriði en eldri útgáfa þar sem innlagsgögn eru í mun þétttriðnara neti.

Í kjölfar aðalfundar verður síðasta fræðsluerindi vetrarins um vatnsveitur á tímum náttúruvar. Við fáum innsýn í eftirlit og vöktun neysluvatns frá Sigrúnu Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, og Sigrúnu Tómasdóttur, jarðfræðing frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Stjórn VAFRÍ finnst hafa tekist vel til með rafrænu fræðslufundina og þakkar öllum fyrirlesurum fyrir áhugaverðar og fjölbreyttar kynningar. Stjórnin hvetur félagsmenn að halda áfram að koma með ábendingar um spennandi, ný verkefni til að kynna fyrir félagsmönnum á næsta ári.

2. Virkni á samfélagsmiðlum

Mikil virkni hefur verið á fésbókarsíðu félagsins síðasta ár. Félagsmenn hafa verið ötulir við að deila áhugaverðum fréttum, bæði innan lands og utan, svo og að spyrja spurninga. Við vekjum sérstaklega athygli á bókinni Klóakínu eftir Guðjón Friðriksson sem segir frá sögu fráveitunnar fram á okkar daga sem er aðgengileg á netinu. Einnig hafa útgefendur boðið áhugamönnum prentað eintak meðan birgðir endast. Stjórn VAFRÍ hvetur félagsmenn að halda áfram uppteknum hætti á Fésbókarsíðunni.

3. Innheimta félagsgjalda

Innheimta félagsgjalda hófst 27. apríl 2021. Reikningar hafa verið sendir til 15 aðildarfyrirtækja sem greiða aðild fyrir um 104 félagsmenn, auk þess sem gjaldkeri bíður staðfestingar 6 aðildarfyrirtækja til viðbótar á aðild og félagafjölda áður en reikningar verða sendir út. Aðrir félagsmenn greiða fyrir einstaklingsaðild. Í félagsskrá eru samtals um 180 einstaklingar.

Dags. 6 maí 2021